

Nd.

255. Nefndarálit

[179. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og fengið til viðtals Magnús Jóhannsson, formann þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið ásamt Helga Laxdal er einnig var í nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Á eftir 4. másl. 4. málsgr. komi nýr másl. er orðist svo: Nám í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum og í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingartíma.
2. Við 6. gr. Upphaf II.b-liðar orðist svo: **Ótakmörkuð réttindi** — 36 mánuðir o. s. frv.
3. Við 8. gr. Tölustafurinn „1.“ í III.a-lið falli niður.
4. Við 8. gr. Aftan við III.c-lið bætist: þar af minnst 12 mánuðir skipstjóri eða 1. stýrimaður.
5. Við 15. gr. Orðin „eða kunnáttuleysi“ í 2. másl. falli niður.
6. Við 18. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sbr. auglýsingu nr. 6/1982.
7. Við ákvæði til bráðabirgða A. Í stað „6. og 9. gr. laganna um siglingartíma“ í 3. málsgr. komi: 6. og 10. gr. laganna um siglingartíma.

Alþingi, 10. des. 1984.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr.

Karvel Pálmason.

Friðjón Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.
Steingrímur J. Sigfússon.

Eggert Haukdal.